

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2004.

Þar er til máls að taka að haustið 2002 hófst undir forystu Odds Benediktssonar undirbúningur að þátttöku í ráðstefnu um sögu tölvunnar á Norðurlöndum, sem halda átti í Noregi í júní 2003. Hann safnaði um sig hópi manna, sem allir höfðu komið við þá sögu hér á landi. Úr varð ritgerð og erindi þar sem áhersla var lögð á að sýna fram á hvar tölvur hefðu komið við sögu í atvinnulífinu og breytt vinnubrögðum. Önnur afmörkun verkefnisins var að fara ekki mikið fram yfir ártalið 1985. Höfundar voru Oddur Benediktsson, Jóhann Gunnarsson, Egill B. Hreinsson, Jakob Jakobsson, Örn Kaldalóns, Óttar Kjartansson, Ólafur Rósmundsson, Helgi Sigvaldason, Gunnar Stefánsson og Jón Zophoníasson.

Oddur fór svo með erindið til Þrándheims, en annar íslendingur flutti þar einnig erindi, Magnús Magnússon, sem fjallaði um upphaf tölvuvinnslu í Háskóla Íslands. Ráðstefnan var á vegum IFIP (International federation for information processing) og var yfirskrift hennar á ensku History of Nordic Computing, HiNC.

Ritgerðin var samin á ensku, en fljótlega var ákveðið að gera íslenska útgáfu, ítarlegri og nefna nöfn þar sem við ætti, sem hafði að mestu verið sleppt í ensku útgáfunni. Þegar svo farið var að ræða hvar birta skyldi efnið kom skýrslutæknifélagið og tímarit þess, Tölvumál, fljótlega til sögunnar.

Fréست hafði að erlendis væri starfandi í hliðstæðum félögum svokallað senat eða öldungadeild, sem hefði það á stefnuskrá sinni að varðveita sögu upplýsingatækninnar. Eftir nokkra umræðu milli þriggja úr höfundahópnum, Arnar, Jóhanns og Odds, var svo leitað til félagsins og spurt um möguleika á því að stofna faghóp af þessu tagi. Ennfremur var spurt hvort félagið vildi taka aðs ér útgáfu efnis frá hópnum á vef sínum. Er ekki að orðlengja að þessu var vel tekið, enda væri farið að reglum félagsins um faghópa. Neðangreind tilkynning var svo send á dreifilista Skýrslutæknifélagsins þann 14. júní 2004:

„Í framhaldi af samstarfi nokkurra frumherja upplýsingatækninnar um að semja erindi á ráðstefnu um sögu upplýsingatækninnar á Norðurlöndum sem haldin var í Noregi fyrir réttu ári hefur komið upp sú hugmynd að halda áfram því starfi með formlegri hætti. Hefur verið leitað til Skýrslutæknifélagsins og stjórn þess samþykkt að stofnaður yrði á vegum þess faghópur sem hefði það að meginmarkmiði að stuðla að varðveislu sögulegra gagna og heimilda um vélræna gagnavinnslu og upplýsingatækni á Íslandi. Átt er við hvers konar gögn og heimildir, þar með taldar vélar og tæki. Faghópurinn hefur fengið vinnuheimilið Öldungadeild. Gefur það heiti til kynna að reiknað sé með fremur háum meðalaldri félaga. Fyrir liggur tillaga um að miða inntökuskilyrði við 25 ára starfsaldur í faginu. Þeir félagsmenn og konur sem áhuga hafa og eru nærri því að uppfylla þetta skilyrði eru hér með boðuð til fundar í húsakynnum Skýrslutæknifélagsins að Laugavegi 178 þriðjudaginn 22. júní klukkan 16:00, þar sem ætlunin er að ganga frá stofnun faghópsins. Til að tryggja að máttulega verði hellt á kaffikönnuna er óskað eftir að þátttaka verði tilkynnt í síðasta lagi á föstudag 18. júní til Jóhanns Gunnarssonar“

Stofnfundur öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands (SKÝ) var svo haldinn samkvæmt þessu þriðjudaginn 22. júní 2004 í húsakynnum félagsins að Laugavegi 178 í Reykjavík. Kaffi og meðlæti var í boði félagsins.

Til fundarins mættu 11 manns:

Bjarni Grétar Ólafsson, Björn Gunnarsson, Guttormur Einarsson, Jóhann Gunnarsson, Jón Ragnar Höskuldsson, Magnús Magnússon, Oddur Benediktsson, Óttar Kjartansson, Sigrún Helgadóttir, Sigurjón Guðmundsson og Örn Kaldalóns.

Nokkrir fleiri einstaklingar höfðu samband og óskuðu taka þátt í starfinu. Um miðjan desember voru skráðir félagar orðnir 26.

Oddur stjórnaði fundi og reifaði í upphafi aðdraganda að stofnun faghóps, samanber það sem sagt er hér að ofan. Lögð voru fram og samþykkt drög að samþykktum fyrir faghópinn.

Samkvæmt þeim var kosin stjórn og er svo skipuð: Formaður Jóhann Gunnarsson, meðstjórnendur Oddur Benediktsson og Örn Kaldalóns.

Þá voru umræður um fyrirliggjandi og hugsanleg verkefni. Ná þarf til öldunga sem rétt ættu á setu í deildinni en eru ekki á skrá hjá SKÝ. Nokkur nöfn voru nefnd í því sambandi, einnig leiðir til að láta fréttast af tilurð faghópsins.

Greinarnar frá Noregráðstefnunni verði þýddar, auknar og settar á vef SKÝ. Stefnt er að því að söguvefurinn verði safn stuttra greina og mynda. Það svið sem ráðstefnugreinarnar fjölluðu um var takmarkað við þá viðburði þar sem upplýsingatæknin hefði einna helst breytt vinnubrögðum. Sú efnisöflun sem hér er hafin verður ekki háð neinum slíkum takmörkunum. Margt er er því enn eftir. Dæmi sem nefnd voru: atvinnulífið: Sambandið, Flugleiðir, Esso, Eggert Kristjánsson hf; tölfræðivinnsla Hagstofunnar, Krabbameinsfélagið, Veðurstofan.

Annar fundur öldungadeildarinnar var haldinn í húsi Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 miðvikudaginn 27. október 2004 og hófst kl. 15.00. Sóttu hann alls 13 manns.

Skýrðir voru skilmálar Skýrslutæknifélags Íslands (SKÝ) um faghópa, þar sem meðal annars er kveðið á um skylduáðild að SKÝ. Heimilt er að vera félagi í faghópi og þá með takmörkuðum réttindum vegna annarrar starfsemi SKÝ. Gjald fyrir slíka aðild er 4.400 kr, sem er hálf einstaklingsgjald. Einnig hefur stjórn SKÝ samþykkt að ellilífeyrisþegar í öldungadeildinni skuli fá slíka aðild fyrir hálf ofangreint afsláttargjald, eða 2.200 kr. Heiðursfélagar greiða ekki félagsgjöld.

Meðal hugmynda sem fram komu varðandi starfseminu voru þessar:

Að öldungadeildin byði stóru söfnunum aðstoð og ráðgjöf varðandi búnað tengdan upplýsingatækni sem þau kynnu að varðveita.

Að stuðla að því að koma upp safni gangfærra véla er sýndu þróunarsögu í enföldu formi.

Að kannað verði hvað er til af búnaði úr sögu upplýsingatækninnar á söfnum og í fyrirtækjum og gera skrá um það. Hver og einn er beðinn að tina til það sem hann eða hún veit um og koma upplýsingum til öldungaráðs.

Rætt var um varðveisluvanda, sem oft kemur upp þegar fyrirtæki eða einstaklingar flytja eða hin síðarnefndu skipta um eigendur, en slíku fylgir stundum nýtt verðmætamat. Þá hafa komið upp tilvik þar sem útvega þurfti tölvur vegna kvikmyndatöku. Til að geta brugðist við slíkum tilvikum þurfti deildin að ráða yfir húsnæði sem bjarga mætti í sögulegum verðmætum. Er það mál í athugun.

Í lok fundarins var minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur heimsótt, en þar eru allmargir munir tengdir áhugamálum félagsins.

Þriðji fundur öldungadeildarinnar var haldinn í Tæknigarði við Dunhaga mánudaginn 13. desember kl. 14.00. Á hann mætu 9 manns.

Fundurinn var auglýstur sem skýrslufundur samkvæmt 3. gr. samþykktu öldungadeildarinnar, en hann jafngildir aðalfundi í öðrum félögum. Lögð voru drög að þessari skýrslu til stjórnar SKÝ um starfseminu frá sofnundi til áramóta og kosið öldungaráð. Öldungaráð var endurskið og er svo skipað: Formaður Jóhann Gunnarsson, meðstjórnendur Oddur Benediktsson og Örn Kaldalóns.

Oddur Benediktsson hefur sett upp vef fyrir söguritun félagsmanna, þar sem kilgreindir hafa verið um 30 efnisflokkar. Nokkurt efni er þegar komið inn auk Þrándheimsgreinarinnar. Líta ber á þennan vef sem próförk og vinnusvæði fyrir söguritara, sem verði ekki auglýst. Ætlunin er að koma honum fyrir annars staðar þegar frá líður.

Á vormisseri 2005 er ráðgert að halda 3 fundi, og er ætlunin að auglýsa þá víðar en raunin hefur verið með undanfarna tvo, og sjá þá til þess að húsnæði rúmi hugsanlega aukningu.

Öldungar telja að starfið hafi farið vel af stað og eru staðráðnir í því að láta kveða að þessum faghópi Skýrslutæknifélagsins í framtíðinni.